

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 102 30. janúar 1980 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi sem heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	0.375 l	0.50 l	0.75 l	1.0 l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	kr. 1 400	1 600	2 200	2 700
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar	— 1 600	1 900	2 500	3 100
3. Íslenskar áfengistegundir	— 3 900		7 200	
4. Koniak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	— 6 000	7 100	10 000	12 300
B. Tóbak:				
1. Reyktóbak	kr. 6 900	pr. tylft eða lb.		
2. Vindlingar	— 8 700	— 200 stk.		
3. Smávindlar	— 1 000	— 10 —		
Meðalstærð	— 4 500	— 25 —		
Vindlar, aðrir	— 6 200	— 25 —		

Sé um að ræða aðrar pakningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi toll-yfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 3. júlí 1980.

Ragnar Arnalds.

Björn Hafsteinsson.